


Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

# Löggæsla og samfélagið
## Ofbeldi

*4. og 5. október 2023*

# ÁGRIPASKRÁ

# Miðvikudagurinn 4. október, 2023

## Setning (kl. 9:00-9:10 í N101)

– Margrét Valdimarsdóttir, Háskóli Íslands

## Fyrra lykilerindið:

## Trends in youth violence in the Nordic countries: What do we know, and should we be worried? (kl. 9:10-9:50 í N101)

– Lars Roar Frøyland, Osló Metropolitan háskólinn

The scientific consensus is that crime has declined in Western countries later decades. Simultaneously, we see worrisome media headlines on youth crime and violence in the Nordic countries. In the first part of this lecture, I present statistics from official crime registers and self-reports on crime and violence, both in the general population and specifically for youth. Rightfully, most statistics indicate declining crime trends, both historically and in the short term. However, we also see contours of a potential trend change in youth violence in several of the Nordic countries, particularly among the youngest. In the second part of the lecture, the statistics on youth crime and violence are framed according to social-scientific theoretical frameworks on how to understand youth crime, and particularly why youth is a crime-prone period of life. Finally, I present a range of suggested explanations of crime trends and discuss how they relate to recent trends in youth crime and violence in the Nordic countries.

## Violent victimization among youth in Iceland: The role of immigrant background (kl. 10:00-10:25 í N101)

– Margrét Valdimarsdóttir, Háskóli Íslands

Migration, driven by various factors like economic opportunities, conflict, and globalization, has led to an unprecedented level of cultural diversity in many societies. Over the past two decades, Iceland has experienced a 250% increase in its foreign-born population, making immigration studies increasingly important. It is particularly important to examine the multifaceted realms of adolescents with an immigrant background, who are in a formative stage of development and social integration. The study uses a large randomly selected sample of 13 to 17-year-old students living in the greater capital area in Iceland to examine the effects of multiple factors on violent victimization among immigrant youth. The results indicate that while immigrant youth do not face higher odds of physical violence than native youth, both first- and second-generation immigrants are more likely to experience prejudice-motivated violence (hate crimes) than native youth. The study also found a noteworthy interaction: the impact of being a first- or second-generation immigrant on hate crime victimization varies based on the proportion of non-native students in the classroom. For instance, first-generation immigrants in classes with more fellow immigrants have a lower likelihood of hate crime victimization compared to those with fewer immigrant classmates. The lecture will discuss these findings from the perspective of criminological theory, future research needs, and policy implications.

## The Potential to Become a Good Police Officer – Development of a Competency Framework for the Norwegian Police University College (kl. 10:00-10:25 í M102)

### – Sarah Abraham, Norski lögregluháskólinn

The Norwegian Police University College (PHS) needed a common terminology for the evaluation process of applicants' "required aptness". This created an opportunity to explore the requirements for the role of student and future police officer through a job analysis. The submitted article describes the process and results of the job analysis conducted in 2011 at PHS. The purpose of the analysis was to create a shared understanding of the concept of required aptness. A set of six competency areas was derived: Interaction, Openness and Inclusion, Integrity, Analytical capacity, Resolve, and Maturity, comprising 13 core competencies. Method - involving 100 central stakeholders in the organisation and reading of a wide array of central strategic police documents helped create the competency framework, using the analysis of methodological triangulation. The aim of the competency framework was to equip the admission committees with the necessary tools to identify apt applicants and helped them formulate a viable, fair, and consistent opinion of an applicant's potential. The paper includes a discussion of the competency framework in terms of the six competency areas' practical use, cost, and benefit as well as their possible further usability. Since autumn 2019 the same competency areas have been in use to evaluate students throughout their year of field training.

## Ofbeldishugtakið (kl. 10:00-10:25 í M201)

### – Hrannar Már Hafberg, Háskólinn á Akureyri

Hugtakið ofbeldi teljum við jafnan vera nokkuð skýrt og má telja það vera meðal elstu hugtaka refsiréttarins, sem hefur því hlotið sína eldskírn og mótast og slípast í gegnum tíðina. Á hinn bóginn, þegar betur er rýnt í hugtakið, þá virðist sem það sé ekki einhlítt, að lagður sé í það sú þrönga merking, sem almennt er gerð krafa um í refsirétti og dómaframkvæmd á þessari öld sýnir. Í erindinu verður stuttlega farið yfir sögu hugtaksins og merkingu þess í íslenskum refsirétti og dómaframkvæmd, sem varpar áhugaverðu ljósi á það, hvernig hin fasta merking orðsins virðist ekki standa á jafn traustum grunni, heldur kann hún að vera enn lifandi og breytileg í dag og mótast af öðrum þáttum en hreinum lögfræðilegum atriðum.

## Testing the effectiveness of non-uniformed street outreach youth workers, to prevent youth violence by hot spot patrolling: A randomised controlled trial in Leicester England (kl. 10:25-10:50 í N101)

### – Simon Rose, Mark Brennan og Chris Maguire, Cambridge háskóli

**Research question:** Can non-uniformed 'voluntary sector' street outreach youth workers prevent crime and disorder in hot spots of public place violence in a city centre when tasked with short hotspot patrols?

**Data:** This analysis considered seven (7) micro locations which were hot spots of public place violence in Leicester (England) City centre. The hot spots were 2,000- 5,000 sq. meters in size. Crime counts and harm count (calculated using the Cambridge Crime Harm Index) was measured between February and July 2023.

**Methods:** A randomised controlled trial using a repeat crossover design methodology where each hot spot formed its control on non-treatment days was used. The outreach workers patrolled in pairs. They undertook six 40-minute patrols in a working day which was from 2pm to 8pm. The patrols were randomised the sequence specified each day. The working schedule was five days on three days off.

**Findings:** The experiment will conclude in July 2023. Crime harm and crime count will be measured on treatment and control days. Statistical significance of any reduction(s) will be reported for each harm spot and hot spot at $p<.05$. Additionally, a qualitative evaluation of the street outreach worker daily returns and interviews with the street outreach workers and police program managers will be compiled to provide a supporting narrative.

**Conclusion(s):** To be presented at the conference.

## The academization of the Swedish police training program (kl. 10:25-10:50 í M102)

– Hampus Hörberg, Linnaeus háskóli í Växjö

During the 2000s, Swedish police training has undergone organizational change. One significant development is the integration of police training into the university's faculty organization, indicating an ongoing process of academization of the Swedish police training.

In this project, I investigate this academization process, and its implications for students, lecturers, and the Swedish police training program. Special attention is given the relation between theory and practice, and how different actors influence and interpret the educational content. Empirically, the study is based on interviews with a student panel consisting of 14 police students, and interviews with teachers and administrative staff in leadership roles. In addition to these methods, observations of teaching moments are also being conducted, and a document study is done to contextualize the changes.

The preliminary analysis presented in this paper, focus on the students and their expectations. Firstly, the results show that students expect the education to contain a significant practical component, with theoretical aspects closely tied to professional relevance. Secondly, two preliminary categories of theory have been identified: utility theory and abstraction theory – of which the former is seen as the one of relevance. Thirdly, the educational framework with multiple parallel courses poses a potential source of friction, but also contributes to bridging the gap between theory and practical elements. To manage the diversity and ambiguity arising from the education's structure, students develop various strategies. Lastly, analysis indicates the presence of an anticipated professional culture carried by the police students, primarily conveyed by the practice-focused instructors.

## Hver gerir hverjum hvað? Kyn, tegundir og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum (kl. 10:25-10:50 í M201)

– Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Háskóli Íslands og Helga Katrín Hjartardóttir, Barnavernd Ísafjarðarbæjar

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að rannsaka tegundir og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum sem og kyn gerenda og þolenda í okkar litla norræna samfélagi. Dómar í sakamálum sem fólu í sér ofbeldi í nánum samböndum voru innihaldsgreindir. Niðurstöðurnar sýndu að gerendur voru 42, þar af 40 karlar og tvær konur. Líkamlegt ofbeldi var algengasta tegund ofbeldis, eða í yfir 90% tilfella, en lýsingar á tilfinningalegu ofbeldi komu fram í um 40% dómanna. Loks var að finna dæmi um kynferðislegt ofbeldi í nokkrum dómum. Birtingarmyndir ofbeldisins voru fjölbreyttar, s.s. morðhótanir, að berja þolandann, hrinda honum, toga í hár hans, taka hann hálstaki eða nauðga honum. Hámarksrefsing fyrir ofbeldi í nánum samböndum reyndist ekki vera notuð í neinu þessara tilvika þrátt fyrir að sum þeirra fælu í sér mjög gróft ofbeldi gagnvart þolendunum.

## School Resource Officers and Sworn Law Enforcement Officers: Confronting Violence in the North American School Systems (kl. 11:00-11:25 í N101)

– Maria Haberfeld, John Jay College of Criminal Justice, CUNY og Michael D. Alston, The Graduate Center, CUNY

Violence in the North American School system is not a new phenomenon. Between 1994 and 2016, there were roughly 423 school-related homicides, with 393 single victims and about 30 multiple-victim instances. On May 24, 2022, a gunman fatally shot 19 children and two teachers in two adjoining classrooms at Robb Elementary School in Uvalde, Texas. General public’s opinion scolded the multiple law enforcement agencies that responded to this tragic event for their inaction and unprofessional and seriously delayed response.

Prior research findings, based on studies using large sample sizes, indicate that the presence of law enforcement in schools is related to several harmful outcomes, like increased criminalization of students and an increase in minor drug crime arrest rates, crimes involving weapons, and serious violent crimes, particularly for minors, ages 7 – 14 years. Further, some researchers posit that the pattern of ‘over-policing’ students for low-level offenses in schools may help explain the school-to-prison pipeline and the disproportionate representation of Black and other minority students within it.

Every second of a delayed police response has the potential for life-threatening critical consequences. However, serious empirically driven attention has yet to explore critical response time during a violent event that the School Resource Officers (SROs) and other law enforcement officers, already present at the scene by virtue of their assignment, could provide mitigating the criticality of violent events. This paper overviews a history of law enforcement presence in the American school system, focusing on the potential roles of SROs and sworn officers, who are assigned permanently to their respective schools, in confronting violence and active shooter situations.

## Þróun ofbeldisbrota, höfðu aðgerðir stjórnvalda í tengslum við COVID-19 áhrif á tíðni? (kl. 11:00-10:50 í M101)

### – Rannveig Þórisdóttir, Ríkislögreglustjóri og Háskóli Íslands

Frá því vorið 2020 fram til aprílloka árið 2022 gripu íslensk stjórnvöld til margskonar samkomutakmarkana til að sporna við útbreiðslu COVID-19. Samhliða samkomutakmörkunum og ekki síst samhliða aukinni fjarvinnu vöknuðu áhyggjur af auknu ofbeldi milli skyldra og tengdra eða minni möguleikum þolenda til að leita sér aðstoðar. Í ljósi þessa var gripið til margvíslegra aðgerða til að koma í veg fyrir ofbeldi og takast á við afleiðingar þess. Í upphafi faraldursins var vakin athygli á hættunni á auknu ofbeldi, fólk hvatt til að tilkynna og upplýst hvar væri hægt að leita aðstoðar. Leitast var við að efla þjónustu við þá sem taldir voru í mestri áhættu s.s. með því að auka aðgang að aðstoð. Sett var á fót sérstakt aðgerðateymi af hálfu stjórnvalda sem fékk það hlutverk að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi.

Þegar horft er til ofbeldis fyrir, með og eftir COVID-19 þá er ljóst að þróunin hefur verið ólík eftir því um hvers konar ofbeldi er að ræða. Þannig fjölgaði tilkynningum um heimilisofbeldi í kringum samkomutakmarkanir vegna COVID-19 en á sama tíma dró úr kynferðisofbeldi.

Í þessu erindi verður fjallað um þróun ofbeldisbrota á meðan samkomutakmarkanir voru til staðar vegna faraldursins og hvaða ályktanir draga megi af þeim upplýsingum. Í tengdu erindi 5. október kl. 12:00 í stofu M201 verður fjallað um þær aðgerðir sem íslensk stjórnvöld gripu til svo sporna mætti við áhrifum faraldursins á ofbeldi og til að minnka líkur á því að þróun færi í fyrra horf eftir að samkomutakmörkunum lauk.

## Police Education Reform in Iceland: Examining the Legitimating Principles, Contradictions, and Tensions in Policy Discourse (kl. 11:00-11:25 í M102)

### – Ólafur Örn Bragason, Ríkislögreglustjóri, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Guðrún Geirsdóttir, Háskóli Íslands

In recent decades, police education in many countries has shifted from vocational training schools run by the police to universities. In Iceland, basic police education was reformed and moved to the university level in 2016. In this article, we analysed the discourse in two reports from 2014 and 2015, respectively, and two legal texts from 2016 to examine how the main arguments for police education reform in Iceland are discussed in policy documents. Our main research questions were as follows: What characterizes the discourse of police education reform in Icelandic policy documents? What are the main legitimating principles in the discourse?

We identified two contrasting legitimating principles in the discourse: (1) the validation of police competence through university degrees as a response to evolving societal demands and increasingly complex crime and (2) the treatment of policing as a unique public-sector profession with the police controlling the curriculum. There is a discontinuity in both social structures and practices, leading to a new approach to knowledge development via research and university education. This shift has produced considerable uncertainty as well as the

tensions that can occur when traditional vocational training is transformed into a formal higher education institution.

## Hvernig getur réttarvörslukerfið bætt stöðu þolenda ofbeldis í nánum samböndum (kl. 11:00-11:25 í M201)

– Júlí Ósk Antonsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Ofbeldi í nánum samböndum er alvarlegt samfélagsmein og hafa þessi brot mikil áhrif á þá sem fyrir þeim verða. Miklar umbætur hafa orðið á meðferð mála varðandi ofbeldi í nánum samböndum, en litlar umbætur hafa þó orðið í þjónustu við þolendur. Brot í nánum samböndum eru til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður verulegu tjóni á andlegu og líkamlegu heilbrigði, en það vantar nokkuð upp á að sérfræðiaðstoð sé aðgengilegri fyrir þennan hóp þolenda. Þarfir þolenda ofbeldis í nánu sambandi eru um margt líkar þörfum þolenda kynferðisbrota, það er þó talsverður munur er á þeirri aðstoð sem er í boði fyrir þessa tvo hópa þolenda. Því miklar umbætur hafa átt sér stað hvað varðar þjónustu fyrir þolendur kynferðisbrota, en þær umbætur hafa ekki náð til þolenda  ofbeldis í nánum samböndum. Fjallað verður um hvernig unnt er að bæta þjónustu þessa hóps þolenda til samræmis við þjónustu sem býðst þolendum kynferðisbrota.

## Challenging and Demanding Work: A Study into Stress in the Police (kl. 11:25-11:50 í N101)

– Lillis Rabbing, Norski lögregluskólinn, Bjørn Lau, Knut Inge Fostervold, Osló háskóli og Brita Bjørkelo, Norski lögregluháskólinn

Worldwide, the composition of police employees has changed from predominantly sworn police officers to include a large proportion of employees without police education (Adams & Mastracci, 2020). Despite these changes, most studies examining police working conditions still focus exclusively on sworn police officers (Jackman et al., 2021). It is crucial to take into account the experiences of all police officers on both operational and organisational working tasks in order to gain a comprehensive and up-to-date understanding of the entire police population.

This mixed-methods study includes 1, a scoping review outlining measuring challenges of perceived stress among police employees (Rabbing et al., 2022); 2, an exploratory study of associations between musculoskeletal back pain, stress, and organisational work support among investigative interviewers (Rabbing, Bjørkelo et al., 2022), and a psychometric evaluation of the two scales in the Police Stress Questionnaire (PSQ).

The results document how 1, most stress measures applied in the police work rather well and are mostly directed at “traditional” (e.g., patrolling) police work, 2, other types of police work (e.g., investigative interviewers) are related to musculoskeletal back pain, organisational work support and stress, and 3, well-known measures of stress in the police potentially have unintended consequences if the aim is to describe challenges and demands for all police employees.

The study provides novel insights into research on perceived stress in the police.

## Ofbeldi og ungmenni – viðbrögð lögreglu (kl. 11:25-11:50 í M101)

### – Þóra Jónasdóttir, Elín Agnes Kristínardóttir og Unnar Þór Bjarnason, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Lögregla hefur í störfum sínum undanfarin ár orðið vör við merki þess að ofbeldi sé að hugsanlega aukast meðal ungmenna, það sé a.m.k. orðið sýnilegra og fleiri dæmi um alvarlegt ofbeldi ratað inn á borð lögreglu. Samfélagsmiðlar virðast að einhverju leyti ýta undir þessa þróun þar sem ofbeldismyndbönd fara á flug og ná mikilli skoðun/útbreiðslu. Ofbeldið er gert eftirsóknarvert og meðal ákveðinna unglingahópa virðist jákvæð viðhorf til ofbeldis og ofbeldishegðunar verða norm frekar en undantekning. Lögregla hefur brugðist við þessari þróun með því að stíga fastar inn í mál er varða ofbeldi ungmenna, bæði með ákveðnu verklagi við vinnslu málanna og aðkomu samfélagslögreglumanna. Farið verður yfir hvernig lögreglan kemur að málum er varða ofbeldi ungmenna samkvæmt vinnulýsingu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hins vegar um hlutverk samfélagslegrar löggæslu, af hverju skipti hún máli þegar kemur að ofbeldi ungmenna?

## Academic Pioneers in the Swedish Police: Narratives of phantom pain, organizational pollution and social closure (kl. 11:25-11:50 í M102)

### – Magnus Persson og Cecilia Jonsson, Linnaeus háskóli í Växjö

The Swedish police has been categorized as a pre-profession (Brante, 2014) due to a lack of a clearly defined scientific base but also with a substantive and organizational approach to the academic system. By interviewing all Swedish police officers with a PhD, this study aims to investigate aspects of the relationship between academic and professional logic of policing, something that has been described as “two worlds thinking” (Hallenberg, 2012). The narratives of the PhD-police officers embody the pioneering work of such two worlds thinking. With some exceptions, the interviewees experience difficulties in converting their doctorate into careers within the Swedish Police Authority (SPA). Their research and acquired skills are perceived as uninteresting, and sometimes threatening. This generates friction and exclusion. Instead, usability is identified in relation to the police training and/or within the academic system.

Two analytical tracks that indicate incompatibility between the police organisation and academic knowledge has been identified.

1. Almost all interviewees express phantom pains after leaving the profession. This has been interpreted as a type of disengaging process that has been described in social exit-processes (Ebaugh, 1988).

2. The lacking ability to transform academic knowledge and skills into something useful indicate an organization where such knowledge can be interpreted as organizational pollution (Douglas, 1966), uncapable to be integrated as “pure”. By complementing the interviewees with an analysis of their PhD-thesis, the actions taken by the SPA can be understood as a procedure of social closure (Weber, 1922) where the definition of the police profession is protected.

## Manndráp í nánum samböndum 1970-2021 (kl. 11:25-11:50 í M201)

– Guðbjörg S. Bergsdóttir, Ríkislögreglustjóri og Jónas Orri Jónasson, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Ofbeldi hefur verið skilgreint sem alþjóðlegt heilbrigðisvandamál og á hverju ári látast um 1-2 milljónir manna af völdum þess. Þegar skoða á ofbeldi og ofbeldismenningu landa er tíðni manndrápa talinn einn besti mælikvarðinn. Fá manndráp eru framin á Íslandi á hverju ári og því erfitt að meta tíðni og þróun þeirra út frá breytingum milli ára, heldur er gagnlegra að styðjast við lengri tímabil. Í þessu erindi verður litið sérstaklega til manndrápa í nánum samböndum, þ.e. þar sem tilfinningalega náin tengsl milli aðila eru til staðar. Eftirfarandi spurningum verður svarað: Hvert er umfang þessara mála á síðustu fimm áratugum? Hver er þróunin? Hvert er eðli þessara mála í samanburði við önnur manndrápsmál? Gögnin byggja á upplýsingum úr birtum dómum og málaskrá lögreglu um manndráp og líkamsárásir sem leiða til dauða á árunum 1970-2021. Gögnin voru kóðuð út frá kóðunarleiðbeiningum EHM (The European Homicide Monitor) sem eru umfangsmiklar leiðbeiningar sem nágrannalönd hafa einnig notað. Alls voru 103 mál kóðuð á tímabilinu, en í rétt fimmtungi málanna voru tilfinningalega náin tengsl milli aðila til staðar. Niðurstöður sýna að þessi mál eru eðlislega frábrugðin öðrum manndrápsmálum að mörgu leyti, t.d. með tilliti til kyns, aldurs og aðferðar, en vegna þess hve fá málin voru reyndist erfitt að meta breytingar milli áratuga.

# <u>Seinna lykilerindið:</u>

## Violence Turned Inward: Suicide among Police (kl. 12:00-12:45 í N101)

– John Violanti, Buffalo háskóli

There is a hidden psychological danger in police work that may result in depression, alcohol use, PTSD and suicide. This profession is replete with stress and traumatic incidents, for example witnessing death, encountering abused children, and experiencing violent street encounters. Such work exposure puts an intolerable strain on the police officer’s work and life roles. Police officers work in an occupational culture premised on violence and may be more prone to violence due to their exposure at work. They have access to guns, which can be used as instruments of violence against others or themselves, usually with lethal results. Officers become desensitized to verbal, physical, and emotional violence because of work exposures. The expression of anger and rage progresses over time with increases in amount and severity. Such interactions can ultimately result in violence upon oneself. The presentation will cover areas of inquiry into police suicide prevention, socio-cultural influences on police suicide, PTSD, and organizational strategies for reduction.

## The Police – a profession to care for (kl. 13:25-13:50 í N101)

– Anna Hafsteinsson Österberg, Anna Melin, Daniel Bjärsholm, Arne Rosendahl Hansen, Olof Hansson, Emilia Martinsson, Linneaus háskóli, Jenny Vikman, Alexander Jansson og Sandra Krugly, Malmö háskóli

The quality of life and health status among Swedish police officer is sparsely investigated but studies indicate that the prevalence of both psychological and physiological problems are

higher compared to the general Swedish population (Elgmark et al. 2013; Swedish Work Environment Authority 2012).

The overall aim of this project is to investigate health from a holistic and sustainable perspective focusing on police officers and their working life over time. Therefore, this study has a multidisciplinary approach with a cross sectional and longitudinal design to explore mental and physical health, nutrition status, sleep, perceived police ability and physical fitness among police students and police officers. The project is initially, partly funded by the Centre for Police Research and Development at Linnaeus University, Sweden.

**Methods:** Protocols include biopsychosocial health aspects and police competence (online survey) (WP 1), and semi-structured interviews (WP 3); physical fitness tests (WP 2); clinical health and nutritional status assessment (WP 4). To detect changes over time police students will be assessed year 1 and 3 during education and year 3, 5, 10 after graduation.

**Results:** Results from WP 1 and 2 show that police students' physical fitness and health indicate a strong relationship between police students self-reported health and perceived police ability. The degree of physical activity decreases among male students and students report a decreased mental health orientation during the education (Krugly et al. 2022; Jansson et al. accepted). In addition, females in the study are general having a more negative health orientation (Jansson et al. accepted).

## Börn sem brotaþolar og barnvænleg réttargæsla (kl. 13:25-13:50 í M101)

### – Hafdís Una Guðnýjardóttir, Umboðsmaður barna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins leggur þær skyldur á íslensk stjórnvöld að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi, hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt, kynferðislegt eða annars konar ofbeldi. Vaxandi umræða og aukin vitundarvakning hefur orðið undanfarna áratugi um hvernig réttarvörslukerfið skuli bregðast við í slíkum málum. Við meðferð sakamála vegast á ýmis konar sjónarmið, allt frá skyldu rannsakenda til að gæta hlutleysis og leita sannleikans, til réttinda sakbornings um réttláta málsmeðferð sem og réttarstöðu brotaþola og vitna. Brýnt er að huga sérstaklega að réttindum barna sem brotaþola og að réttarkerfið tryggi að hagsmunir þeirra séu ætíð hafðir í fyrirrúmi í málum sem þau varða, en ljóst er að of mörg börn bíða sálrænan og líkamlega skaða af ofbeldi sem þau hafa orðið fyrir. Er því mikilvægt ekki sé aukið á þá erfiðleika við rannsókn og meðferð mála hjá lögreglu.

Í erindinu verður lögð sérstök áhersla á barnvænlega réttarvörslu (e. Child Friendly Justice). Dregin verða fram þau atriði sem hafa ber að leiðarljósi við meðferð réttarkerfisins í málum þar sem börn hafa verið beitt ofbeldi og því lýst hvaða alþjóðaskuldbindingar eiga við í þessum efnum, einkum meginreglur samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og leiðbeinandi reglur Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu. Þá verður fjallað sérstaklega um skýrslutökur af börnum í Barnahúsi, samspil ólíkra aðila innan réttarkerfisins og greint hvernig haga megi málsmeðferð til að tryggja fyrirmyndarviðbrögð við ofbeldi gegn börnum

## Normalization of accident violence (kl. 13:25-13:50 í M102)

### – Katerina Nedbalkova, Masaryk háskóli

Based on interviews and observations with police, lawyers, insurance representatives and various road users in the Czech Republic (Central Europe), I focus on the following questions: What role does guilt play in explaining the risks/violence of accidents? Becoming a competent actor in the field of automobility is not a matter of explicit instruction and conscious deliberation. It consists in the gradual acquisition of new sensorimotor skills, perceptual schemata, and bodily techniques. Based on interviews with people involved in automobility (experts and laypeople) and observations of being in automobility, I try to explain how people normalize automobility as inevitable and self-evident, even though the field of automobility certainly contains strong elements of danger, risk, and violence. I argue that individualized blame is one of the main mechanisms of accident rationalization and explain how this process is nevertheless structured by power, authority, and inequalities.

## Kynferðisofeldi (kl. 13:25-13:50 í M201)

### – Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Háskólinn í Reykjavík

Ein af frumskyldum okkar, sem búum íslenskt samfélag, er skyldan til að vernda okkar yngstu þegna fyrir ofbeldi og tryggja að barnaverndar- og réttarvörslukerfið grípi inn í þegar brotið er gegn kynhelgi þeirra og kynfrelsi. Í erindinu verða kynntar niðurstöður rannsóknar á dómum Hæstaréttar Íslands í sakamálum þar sem sannað þykir að kynferðisbrot hafi verið framið gegn barni. Unnar voru upplýsingar úr dómunum er lúta að þolendum og gerendum brotanna, hinni refsiverðu háttsemi og aðstæðum við brot, málsmeðferð og dæmdri refsingu.

## Norwegian police withholding fire, why? (kl. 13:50-14:15 í N101)

### – Steinar Vee Henriksen, Norski lögregluháskólinn, Bjørn Barland, Norski lögregluháskólinn og Bjørn Ivar Kruke, Stavanger háskóli

Norwegian police have a tradition for restraint use of firearms. Although incidents in which the police have fired directed shots at a subject are automatically investigated, and to the best of our knowledge, no academic work have been done to examine the police decision-making process in armed confrontations were the officers decided not to shoot. This study does examine this decision-making process, to provide better knowledge why police officers choose to withhold their fire even if they would have legal right to discharge their firearms. The purpose is to provide insight into this critical decision-making, to support police training, public knowledge and hopefully contributing to continuous restraint use of firearms.

This is an ongoing explorative study, in which data collection have been performed by 30 qualitative interviews in 11 out of 12 police districts in Norway. Police officers from all operational competence levels within Norwegian police have been interviewed.

Our aim is to present preliminary findings at the conference.

## Ofbeldisforvarnir meðal barna og ungmenna (kl. 13:50-14:15 í M101)

### – Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga

Kynbundið ofbeldi er eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heiminum og það fyrirfinnst á öllum sviðum samfélagsins, mikilvægi þess að við leggjum áherslu á ofbeldisforvarnir er því ótvírætt. Ríkið hefur ráðist í víðtækar aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess og þar hefur verið lögð rík áhersla á forvarnir meðal barna og ungmenna. Árið 2020 var samþykkt þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Í þeirri forvarnaráætlun er sett fram sú framtíðarsýn að kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni eigi sér hvergi stað í íslensku samfélagi og er vísað til þess að ofbeldi og áreitni er samfélagslegur vandi og því þarf að uppræta þá þætti í samfélagsgerðinni sem leyfa slíku ofbeldi að viðgangast. Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi er bæði orsök og afleiðing annars kynjamisréttis og verður aðeins upprætt með samhentu átaki sem byggir á djúpstæðum skilningi á eðli og afleiðingum slíks ofbeldis. Með forvörnum er leitast við að fyrirbyggja ofbeldi og áreitni en einnig að draga úr þeim skaða sem slík háttsemi hefur á þolendur og aðstandendur þeirra. Markviss viðbrögð við kynferðislegu og kynbundu ofbeldi og áreitni er liður í forvörnum til framtíðar. Því hafa ólíkar stofnanir, félagasamtök ásamt ríki og sveitarfélögum tekið höndum saman í því skyni að ná til allra barna og er megináhersla lögð á að beina forvörnum í gegnum grunnskóla, þar sem öll börn eru, en einnig í gegnum önnur skólastig, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, íþrótta- og æskulýðsstarf og annað tómstundastarf.

## ‘We’re here, we’re queer, and we’re not gonna let them pinkwash!’ Queer ambivalence towards uniformed police contingents in Pride parades (kl. 13:50-14:15 í M102)

### – Henning Kaiser Klatran, Norski lögregluháskólinn

The first Pride parade took place in New York in 1970 to commemorate the one-year anniversary of the Stonewall riots. The uprising was sparked by frequent police raids and harassment of gay, lesbian, transgender and gender-nonconforming people attending the Stonewall Inn. During the following decades, the LGBT movement has pursued state protection from violent hostility towards queers. Hate crime laws have emerged through the campaigning of social movements and successful identity politics, conflating demands for social justice with neoliberal criminal politics of law and order. Queer politics, which only decades ago fought against criminalization and police harassment, now invest in state violence as a prerequisite for citizenship. However, the promise of law enforcement seems to remain elusive. Hate crime offences are heavily under-reported, and crime statistics show that reported cases often fail to make their journey through the criminal justice system. While LGBT people in general seem to appreciate the positive – and largely symbolic – aspects of uniformed police contingents in Pride parades, there seems to be a growing queer opposition to Pride as a site for ‘pinkwashing’. This opposition, I suggest, needs to be examined through the presence and absence of multiple forms and layers of violence, and how these constitute a collective reminder of the precariousness of queer life. The study is based on qualitative interviews with LGBT people in Norway.

## Hversu algengt er að þolendur kynferðisofbeldis segi lögreglu frá? (kl. 13:50-14:15 í M201)

### – Rannveig Sigurvinsdóttir, Erla K. Jónsdóttir, Karen Birna Þorvaldsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Háskólinn í Reykjavík

Kynferðisofbeldi er algengt og alvarlegt lýðheilsuvandamál. Lögreglan er ein af lykilstoðum samfélagsins þegar kemur að því að bregðast við ofbeldi. Nýleg tölfræði sýnir aukningu í fjölda tilkynntra kynferðisbrota til lögreglu, frá 325 skráðum brotum árið 2010 upp í 672 skráð brot árið 2021 (Lögreglan, 2022a). Tilkynnt brot vanmeta hins vegar vandann töluvert, en þolendakönnun lögreglu sýndi að af þeim 46 þátttakendum sem höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á árinu 2021, þá voru 18,5% sem tilkynntu það til lögreglu (Lögreglan, 2022b). Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir landsúrtak Íslendinga í síma á aldrinum 18 til 80 á árunum 2019 til 2021. Af þeim sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi (N = 563, 32,2% af heildinni), þá höfðu 398 (84,3%) sagt einhverjum frá, helst vinum og fjölskyldu. Aðeins 20 manns höfðu sagt lögreglu frá kynferðisofbeldi, eða 5% af þeim sem sögðu einhverjum frá. Tilkynningar til lögreglu voru marktækt líklegri meðal kvenna en karla, og meðal þeirra sem höfðu upplifað alvarlegra kynferðisofbeldi. Þátttakendur sem sögðu lögreglu frá mældust með marktækt fleiri einkenni áfallastreituröskunar, kvíða og þunglyndis. Niðurstöðurnar staðfesta mikilvægi þess að meta algengi kynferðisofbeldis með því að spyrja þolendur sjálfa. Þó ber að taka þessum tölum með ákveðnum fyrirvara, þar sem fáir einstaklingar mynda þann hóp sem hefur sagt lögreglu frá í þessari rannsókn. Í framtíðinni mætti líka skoða þætti sem hvetja þolendur til að tilkynna kynferðisbrot til lögreglu, og hvernig mætti styðja við þá.

## Myths of non-routinely armed policing (kl. 14:30-14:55 í N101)

### – Ross Hendy, Monash háskóli

Historically, the rate of officer involved shootings in New Zealand has been lower than the rate of officer involved shootings in Australia. This has, in part, been understood as a function of New Zealand Police retaining a non-routinely armed status while Australian police agencies have progressively become routinely armed with firearms. This assumption is tested through a comparison of officer involved shootings in Australia, England and Wales, and New Zealand over a 50-year period (1971-2020). However, the present research identifies that in the past decade, the rate of officer involved shootings in New Zealand has surpassed that of Australia. Comparing how operational police firearms policies in Australia, England and Wales, and New Zealand coalesce with changes in the rate of shootings, this paper provides an opportunity to consider the efficacy of the binary routinely armed / non-routinely armed paradigm.

## Hvenær þarf lögregla að beita valdi? (kl. 14:30-14:55 í M101)

### – Jónas Orri Jónasson,Tara Sif Khan, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Rannveig Þórisdóttir, Ríkislögreglustjóri og Háskóli Íslands

Samkvæmt reglum um valdbeitingu lögreglumanna skal lögregla ekki grípa til valdbeitingar nema nauðsyn krefji. Markmiðið með þessu erindi er að varpa ljósi á þau tilvik þar sem

lögreglumenn þurftu að beita valdi. Athyglinni verður beint að málum þar sem lögreglumenn hafa þurft að beita vopnum, þ.e. kylfum eða úðavopnum. Niðurstöðurnar byggja á gögnum fyrir síðustu sex ár á höfuðborgarsvæðinu þar sem notkun úðavopns og/eða kylfu var skráð í lögreglukerfið. Voru öll slík mál á þessu tímabili skoðuð auk þess sem teknar voru saman bakgrunnsupplýsingar um brotamenn og hverslags aðstæður kröfðust valdbeitingar. Leitað verður svara við eftirfarandi spurningum: Hversu oft hefur lögregla þurft að grípa til valdbeitingar síðastliðin sex ár? Er eitthvað sameiginlegt með þeim málum sem krefjast þess að lögregla beiti valdi? Hverjir eru það sem verða helst fyrir valdbeitingum lögreglu?

## Hate crimes in Finland (kl. 14:30-14:55 í M102)

### – Jenita Rauta og Marko Juutinen, Finnski lögregluháskólinn

The Criminal Code of Finland does not include a definition of hate crime. Since the implementation of the 2010 Finnish Criminal Code reform, hate motivation has been explicitly specified as an aggravating circumstance. For the purpose of the annual reports, hate crime has been defined as a crime against a person, group, somebody's property, institution, or a representative of these, motivated by prejudice or hostility towards the victim's real or perceived ethnic or national origin, religion or belief, sexual orientation, transgender identity or appearance, or disability.

Reports on hates crimes in Finland have been published annually since 1998. The reports are based on the suspected hate crimes reported to the police and retrieved from the national police information system. Annually 900-1700 suspected hate crimes are reported to the police.

A comprehensive study on how hate crimes proceed through the criminal justice system in Finland was undertaken in 2021. The study shows that also in Finland, the clearance rates of hate crimes are pressed down due to investigative difficulties. Study finds that mandatory use of hate crime label by registering police offices - as proposed by the FRA, might help to improve this rate. Out of the 1165 registered hate crimes in 2017, 90 have been convicted as hate crimes. Among these convicted offences with a hate motivation the incitement against ethnic groups stands out with the highest clearance rate and the highest number of convicted offences while physical assaults have the lowest rates in both categories.

## Sálræn fyrsta hjálp fyrir gerendur kynferðisbrota (kl. 14:30-14:55 í M201)

### – Agnes Björk Blöndal, Lögreglan á Norðurlandi eystra

Í þessu erindi verður fjallað um sálræna fyrstu hjálp fyrir gerendur kynferðisbrota. Um er að ræða tilraunaverkefni sem embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra hóf í upphafi árs 2022 í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Verkefnið byggir á grunni svipaðs tilraunaverkefnis embættisins um sálræna fyrstu hjálp fyrir þolendur í alvarlegum kynferðisbrotamálum - verkefni sem í upphafi var tilraunaverkefni  en er nú orðið hluti af föstu verklagi hjá embættinu.

Sálræn fyrsta hjálp fyrir gerendur kynferðisbrota felur í sér mat á áhættuþáttum sem mögulega geti valdið því að gerandi þurfi frekari aðstoð og fræðslu um áfallaviðbrögð, að koma í veg fyrir að eðlileg áfallastreituviðbrögð þróist yfir í sjúkdómseinkenni, auk þess sem bent er á viðeigandi meðferðarúrræði og leiðir ef þörf er á frekari stuðningi. Embættið telur forvarnargildi verkefnisins mikið.

## Citizens’ perceptions of the police using conducted energy weapons: A comparison between Sweden and Norway (kl. 14:55-15:20 í N101)

### – Isabelle Stjerna Doohan og Jonas Hansson, Umeå háskóli

In Sweden, a trial period of police officers using conducted energy weapons (CEW), commonly called “Taser”, began in 2018. A similar trial period started in Norway in 2019. Evaluation results indicated that police officers experienced a decreased risk of violence overall, and an increased sense of safety in situations with violence and strong resistance.

The aim of this study was to compare Swedish and Norwegian citizens’ perceptions of the trial period and future use of CEW.

Focus groups and interviews were conducted with 17 Swedish and 6 Norwegian respondents (with relevant knowledge) during spring 2019 and winter 2020-2021. The data sets were analysed separately with thematic analysis. A second comparative analysis was conducted in 2023.

In the results, one main difference was related to the fact that Swedish police officers always carry a gun with them, whereas Norwegian police officers do not. Norwegian respondents therefore experienced CEW as an increase in the armament of the police and had a more hesitant view. The Swedish respondents were more positive to CEW, as it was perceived as a decrease in the armament and something that represented a lower level of violence.

Overall, there was an understanding of the benefits of CEWs, but also varying views on when it should be used. The Swedish and Norwegian respondents seemed to have a high degree of trust in their police and believed that they were capable of doing “what is right”.

## Hvenær verður maður hættulegur? Mikilvægi upplýsingamiðaðrar nálgunar við mat á ofbeldishegðun einstaklingar (kl. 14:55-15:20 í M101)

### – Sædís Jana Jónsdóttir, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Eitt af meginhlutverkum lögreglu er að tryggja öryggi borgaranna og stemma stigum við afbrotum. Þau afbrot sem krefjast hvað mest af lögreglunni er þetta varðar fela í sér ofbeldishegðun einstaklinga. Ofbeldi getur birst með margskonar hætti þar sem atriði eins og tengsl, tíðni, alvarleiki og aðstæður gegna veigamiklu hlutverki. Þegar einstaklingur verður hættulegur öðrum vegna ofbeldisbrota er það hlutverk lögreglu að tryggja öryggi brotaþola með aðgerðum og koma þannig í veg fyrir frekara ofbeldi. En hvenær verður maður það hættulegur vegna ofbeldishegðunar að lögregla þurfi að grípa til aðgerða? Hvernig metur lögregla áhættu á ofbeldishegðun og hvaða atriði skipta þar meginmáli? Fer lögregla ein með það ábyrgðarhlutverk að koma í veg fyrir ofbeldishegðun hættulegra einstaklinga? Síðastliðin þrjú ár hefur mikil sérhæfing átt sér stað hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem snýr að áhættumati ofbeldishegðunar, þar sem upplýsingamiðuð nálgun gegnir veigamiklu hlutverki ásamt þverfaglegu samstarfi milli stofnanna. Í þessum fyrirlestri verður leitast við að svara ofangreindum spurningum og varpað ljósi á hvernig auka megi upplýsingamiðaða nálgun innan lögreglunnar þegar kemur að ofbeldisbrotum.

## Policing the Miners – Protectors, Oppressors or Tools of Oppression (kl. 15:35-16:00 í M102) (kl. 14:55-15:20 í M102)

– Callum MacKechnie, Sarah Harris, Princess Marshall og Rachel Rouncefield, De Montfort háskóli

This paper undertakes a review of the policing of the 1984-85 miners' strike in Scotland. Drawing on evidence from the Independent Scottish Parliamentary review of the same, and relevant literature, the authors examine whether the policing of the miners' strike in Scotland served to protect and guarantee safety for miners and their communities, or whether aspects of it may have been oppressive and whether the police were subject to a politicized agenda, rendering them as 'tools of oppression'.

Using a Freirean lens, the authors seek to uncover the role of the police during the industrial dispute and critically analyse the policing of the miner's strike from February 1984 – May 1985 in Scotland. Most evidence is drawn from the published statements of 96 miners, coal board staff, community members and police. Literature reviewed includes texts and articles produced prior to the Parliamentary Review introducing themes and considerations relevant to the experience of the Scottish striking miners, their communities and their treatment by the police at the time.

From this, it is concluded that there was a change in how the strike was policed in Scotland from May 1984 onwards, with a distinct focus on defeating the purpose of the industrial dispute. As a result, the authors of this paper convey that that subsequent pardoning of some of the convictions given to striking miners is insufficient; instead, the pardons should be expanded to all types of convictions due to the impact of the government's influence on how the strike had been politicized and policed.

## Eftirfylgnisamtöl við sakborninga í kynferðisbrotamálum (kl. 15:35-16:00 í M102) (kl. 14:55-15:20 í M201)

– Ási Þórðarson, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Í apríl 2022 fór lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) af stað með tilraunaverkefni þar sem haft var samband við sakborninga í kynferðisbrotamálum í lok skýrslutöku og þeim boðin sálfræðiþjónusta. Markmið verkefnisins var að reyna að stemma stigu við ítrekunarbrotum og draga úr líkum á sjálfsskaða en dæmi eru um að einstaklingar veigri sér við að leita hjálpar og í alvarlegri tilfellum framið sjálfsvíg. Verkefnið stóð yfir í 6 mánuði og var haft samband við 23 einstaklinga. Notast var við áhuga hvetjandi samtal við sakborninga og þau hvött til að sækja sér aðstoða. Verkefni sem þetta á fyrirmyndir erlendis frá í eftirfylgnisamtölum sem gerð eru við gerendur í heimilisofbeldismálum en engar beinar rannsóknir eru á samskonar samtölum við sakborninga í kynferðisbrotamálum. Kynntar verða helstu niðurstöður og reynsla starfsmanna af verkefninu. Verkefnið er samstarf lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra, Háskólans á Akureyri og sálfræðistofunnar Taktu Skrefið og er liður í átaki ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldi. Verkefnið var styrkt af félags- og barnamálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti.

## Standing Out or Standing Down: Police Militarization in the Absence of Official Standing Armies (kl. 15:35-16:00 í N101)

### – Amanda Lanigan, Uppsala háskóli

Recent high-profile instances of police violence have prompted increased academic scrutiny of use of force in the context police militarization. This growing body of literature has largely focused on police militarization in the context of established democracies that maintain official standing armies, with much of the literature emphasizing the diffusion of militarization from militaries to police via training programs, operational collaboration, resource transfers, recruitment schemes, and cultural dissemination. Yet police adopt militarized practices and ideologies around use of force even in the absence of influence from official standing armies, suggesting alternative mechanisms of police militarization that remain underexplored. Using an analysis of police militarization across material, organizational, operational, and cultural indicators in Iceland, Japan, and Costa Rica, this study aims to go beyond the present empirical scope to ask what alternative and underlying mechanisms of police militarization might be found in established democracies without standing armies. By addressing this literature gap, this paper seeks to contribute to a more comprehensive understanding of how and why police militarization occurs and lay the groundwork for future research and policymaking around the use of force and police violence in understudied contexts.

## Eitt prósent vélhjólasamtökin: Hvers vegna vilja ungir karlar ganga í samtök af þessu tagi? (kl. 15:35-16:00 í M101)

### – Helgi Gunnlaugsson, Háskóli Íslands

Alþjóðleg vélhjólasamtök eins og Hells Angels og Outlaws hafa lengi reynt að teygja anga sína hingað til lands. Starfsemi þeirra finnst hér á landi í einhverri mynd og íslenskir karlar hafa fengið stöðu „prospects“ eða nokkurs konar aukaaðild sem felur í sér það markmið að gerast síðar fullgildir meðlimir.

Íslensk stjórnvöld hafa brugðist hart við og leitað allra leiða til að koma í veg fyrir að samtök af þessu tagi nái að festa rætur hér á landi. Ástæðan er að hvarvetna sem samtök af þessum toga þrífast virðist fylgja þeim slóð afbrota og ofbeldis. Aftur á móti segja talsmenn samtakanna að ekki eigi að blanda vélhjólasamtökunum sjálfum við brotastarfsemi þótt einstakir meðlimir tengist eða hafi áður tengst glæpastarfsemi af ýmsu tagi.

En í hverju felst starfsemi svokallaðra eitt prósent samtaka og fyrir hvað standa þau? Eru þau glæpasamtök? Hvers vegna vilja ungir karlar gerast meðlimir í félögum af þessu tagi? Í erindinu verður leitast við að svara spurningum af þessum toga og því velt upp hvort gengi sem tengjast afbrotum og ofbeldi eins og þekkist víða erlendis hafi náð að festa sig í sessi hér á landi.

## Rebuilding Trust and Rebalancing the Power Dynamic (kl. 15:35-16:00 í M102)

### – Rachel Rouncefield og Bolatito Akinrolabu, De Montfort háskóli

The unequal distribution of power between police and young people leads to strained relationships, marginalization, and a lack of trust. This article aims to explore strategies for

reducing power disparities and fostering equity between these two key stakeholders, to fill the gap of missed opportunities that could help young people avoid contact with the criminal justice system.

The article highlights the importance of establishing meaningful dialogue and constructive engagement between police and young people using co-creation methodology. The mixed methods research study included a systematic review of literature and focus groups with 70 young people from different UK youth groups, and five other countries. Findings from the focus groups described ways in which the relationship between young people and adults in positions of authority might be rebuilt towards co-produced social action, positive engagement, and active participation of young people in decision-making processes relating to law enforcement policies and practices.

Furthermore, the article explores the potential of co-creative programs to equip both young people and Police Officers with necessary skills and knowledge to enhance mutual understanding and respect. From the research findings participants recommended a focus on de-escalation, collaborative social action, and building empathy to mitigate power differentials and promote positive interactions.

Finally, the article argues that reducing power disparities between police and young people requires a multi-faceted approach that combines co-created policy reforms, community engagement, and co-creation, as a call to social action. By implementing these strategies, societies can foster equitable relationships, restore trust, and work towards a more just and inclusive future for both young people and Police.

## Ofbeldisgátt á 112.is (kl. 15:35-16:00 í M201)

### – Magga Dóra Ragnarsdóttir og Jana María Guðmundsdóttir, Neyðarlínan

Ofbeldisgátt er upplýsingagátt um birtingarmyndir ofbeldis og úrræði sem standa til boða fyrir þau sem búa við og þekkja til ofbeldis, með það að markmiði að draga úr ofbeldi og afleiðingum þess.

Gáttin er þróuð út frá þörfum notenda. Með samræðum við þolendur, sérfræðinga og hagsmunasamtök lærðum við að markmiði gáttarinnar verður ekki náð nema draga úr skömm og einangrun og ekki síst því hugræna álagi sem fylgir því að leita aðstoðar. Hópurinn sem talað er til er breiður og mikilvægt að öll eigi möguleika á að nálgast efni gáttarinnar og úrræðin. Efnistök gáttarinnar eru því auðskilin og kynhlutlaus með áherslu á að styðja við en ekki dæmi lesandann. Hönnunin er aðgengileg, inngildandi og leitast við að brjóta upp staðalmyndir í kringum ofbeldi. Gáttin er á mörgum tungumálum.

Gáttin hefur notið góðs samstarfs við sérfræðinga á sviðinu og er því efnismikil, telur um 150 síður og vísar til 35 úrræða. Efnið talar til þolenda, gerenda og aðstandenda til að auka skilning þeirra og valdefla þau til að brjóta vítahring ofbeldisins. Notast er við margar leiðir til að koma efni til skila en gáttin var valin Efnis- og fréttaveita ársins 2022 af Samtökum Vefiðnaðarins. Samhliða vefþróun er vitundarvakning í gangi þar sem talað hefur verið til þolenda, almennings og gerenda um úrræði og að þekkja og stöðva ofbeldi hvar sem það birtist. Fjallað verður um gáttina og tekin dæmi um hvernig framsetning efnis er hönnuð til að auka skilning og hvernig samspil vitundarvakningar og vefsins hefur fært okkur nær markmiðinu.

# Fimmtudagurinn 5. október, 2023

## Detaining individuals with mental health difficulties in police cells as a last resource place of safety: Iceland (kl. 9:00-9:25 í N101)

– Rannveig Íva Aspardóttir, Cygnet healthcare og Georgina Mathlin, Queen Mary háskólinn í London

This research aimed to investigate how detainment in a police cell can affect symptoms of mental illnesses, and subsequently if it is an appropriate last resource place of safety for patients. This was achieved by investigating registrations of detainees' visible symptoms of mental illnesses, as well as conducting ten semi-structured interviews with professionals (five mental health professionals and five police sergeants managing the police cells). Raw unpublished secondary data was received from the Reykjavik Metropolitan Police referring to detainees (n=6874) and exceptional incidents in police cells for the past five years. Detainment was related to symptoms of mental illnesses such as suicidal, self-harming, abnormal or violent behaviour.

Results demonstrated that detainees' aggression was initially focused inwardly and displayed as suicide attempts and self-harm, then as time increased the aggression turned outwards and was expressed as interpersonal violence. In the first four hours in detention, 72.1% of all suicide attempts and 77.3% of all self-harming behaviour took place. Filings of interpersonal violence were registered in 71.5% of the time after at least six hours in detention.

Violence as a symptom of mental illness seemed to be debatable according to the participants. It was the most common factor mentioned by mental health professionals when asked what factors should determine if a mentally ill individual should be detained in a police cell. However, police sergeants were against detaining patients solely because of violence, referring to resource issues such as lack of medication, appropriate staffing, or a safe environment for the individual.

## Rannsóknar ofbeldisbrota lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu: Verkefni, áskoranir og innleiðing gagnreyndra aðferða (kl. 9:00-9:25 í M101)

– Eiríkur Valberg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Innan miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er eining sem falið er að rannsaka alvarlegustu ofbeldisbrotin, þar sem bana hlýst af eða hefði getað hlotist af, öll mannslát sem þarfnast rannsóknar, auk allra ofbeldisbrota gegn börnum yngri en 15 ára. Einingin, sem kölluð er R-2a, telur eingöngu fjóra rannsóknarlögreglumann og einn lögreglufulltrúa sem fer fyrir daglegri stjórnum einingarinnar. Helstu áskoranir deildarinnar snúa að þungum málaflokkum sem reyna mjög á starfsfólk, sem og forgangsröðun mála. Ójafnvægi er milli innflæði mála og afkastagetu deildarinnar. Almennt er það markmið einingarinnar að gæði mála séu eins mikil og nokkur kostur er. Óhjákvæmileg forgangsröðun hefur þó stundum neikvæð áhrif á hlutföll milli gæða og afkasta.

Innan R-2a hefur farið fram nokkur vinna við að tryggja að innleiðing gagnreyndra aðferða gangi vel fyrir sig. Krafan er að skýrslutökur standist kröfur annað hvort hugræns viðtals eða samtalsstjórnunar (Milne & Bull, 1999), þó enn sé nokkuð í land að það standist að fullu.

Metnaður stendur til að R-2a standist hina átta meginþætti umbreytinga rannsókna (Griffiths og Milne, 2018). Þeir eru: (i) forysta, vilji til breytinga, (ii) lagalegur og stofnanalegur rammi, (iii) hugarfar og hugrænn stíll, (iv) þekkingargrunnur, (v) þjálfun, (vi) gæðastjórnun og eftirlit, (vii) hæfni og geta rannsóknarlögreglumanna, (viii) tækni. Þessi atriði voru vissulega sett fram í tengslum við samskiptahæfni rannsóknarlögreglumanna, m.t.t. til skýrslutaka, en auðvelt er að færa rök fyrir að eig við um umbreytingu rannsókn heilt yfir.

## Investigating the Effect of Implicit Bias in Policing (kl. 9:00-9:25 í M102)

### – Antje Joel, De Montfort háskóli

My research focuses on the effects of bias in the criminal justice system regarding rape and DVA. Via interviews with police officers, victims and perpetrators, use of vignettes, and Foucauldian discourse analyses, I investigate how implicit biases can progress into systemic ones.

Over half of police officers in England dealing with RASSO cases believe that women lie about rape and/or that "women ask for it" (Gekoski, Massay & Davies, 2023) subscribing to two of the most persistent and harmful rape myths. While the most recent study places the figure of false allegations at 3% (Klement, 2017).

Moor (2007) describes rape as s a horrific attack on the self. Rape myths have been found to magnify and deepen these wounds. While victims can overcome the trauma of the attack, the trauma of stigma endures. A similar pattern of implicit beliefs and their effects has been found regarding cases of DVA (Gilchrist, 2008; Enander, 2010). Officers who approach a woman under the assumption that she is lying/was “asking for it” amplify her pain. Their biases can skew investigations and endanger women. Studies find that truthful marginalized/stigmatised people who are believed to be lying may start to behave in ways that we interpret as indicative for lying (NAS, 2003). Women sensing or experiencing officers’ disbelief may decide not to report or retract their statement.

Significantly, Gekoski, Massey and Davies (2023) study found that officers are often not aware of their biases. They may believe the problem exists - but that it does not concern themselves.

## Andlegt ofbeldi (kl. 9:00-9:25 í M201)

### – Páley Borgþórsdóttir, Lögreglan á Norðurlandi eystra

Erindið fjallar um hvort tilefni sé til að setja sérstakt ákvæði í almenn hegningarlög sem gerir andlegt ofbeldi refsivert. Einu tilvikin sem slíkt er refsivert er þegar hægt er að fella slíka háttsemi undir heimilisofbeldisákvæðið í 218. gr. b. almennra hegningarlaga en þá þarf málið að vera endurtekið eða á alvarlegan hátt ógna lífi, heilsu eða velferð viðkomandi sem á ekki alltaf við. Flestir eru sammála um skaðsemi andlegs ofbeldis og því er jafnvel haldið fram að það geti verið skaðlegra en líkamlegt þó að það eigi ekki alltaf við. Fjárhagslegt og félagslegt ofbeldi er þekkt en það er ekki refsivert eitt og sér. Fjallað verður um heimilisofbeldisákvæðið og hvað fellur þar undir. Dómaframkvæmd skoðuð þar sem andlegt ofbeldi er hluti af

háttseminni. Þá er fjallað um stöðuna í öðrum löndum þar sem nauðungarstjórnun eða ógnarstjórnun hefur verið lögfest og gerð refsiverð.

## Male and female prisoners‘ lifetime experiences of violence and the prevalence of post-traumatic stress symptoms (kl. 9:25-9:50 í N101)

– Katja Koskialho, Katariina Keinonen, Raimo Lappalainen, Jyvaskyla háskóli og Mika Rautanen, National National Institute for Health and Welfare

The current paper examines the frequency of experiences of violence among Finnish prisoners and the prevalence of symptoms of post-traumatic stress disorder. Both the prevalence of trauma symptoms and violent experiences and their relationship to each other are studied by gender, age, crime-based group, and other groups. The purpose of the research is to understand the rehabilitation needs of different groups of prisoners and to develop incarceration services so that when the prisoner is released, he is in a better psychological condition than when he entered prison. The research data has been acquired in connection with the Prisoners' Health Survey (WATTU-IV) in 2020-2022. The frequency of experiences of violence was measured NorVold Abuse Questionnaire (NovAQ), which had been adapted to better fit the prison environment. Current trauma symptoms were assessed using the Trauma Screening Questionnaire (TSQ). Other background information of the subjects was obtained from the Prison Information System of the Criminal Sanctions Office.

The preliminary results in this paper showed that 92 % of all prisoners had experienced physical abuse at some point of their lives, 68 % mental abuse and 23 % sexual abuse. Women prisoners reported the abuse experiences more often than men. Of all prisoners 25 % reported current trauma symptoms.

The current results suggest that violence experiences and traumatic symptoms are fairly common in prison. The findings imply the need to develop trauma-oriented treatment or rehabilitation in prison.

## Ofbeldi ungmenna: Sekt eða sakleysi fjölmiðlaefnis? (kl. 9:25-9:50 í M101)

– Guðbjörg Hildur Kolbeins, Háskólinn á Akureyri

Fyrr á þessu ári komst lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svo að orði í viðtali við Morgunblaðið að „ofbeldi [væri] rauði þráðurinn í ... afþreyingarefni“ og lögreglan væri „í raun að keppa við afþreyingariðnað sem veltir billjónum“, er hann var spurður út í aukinn hnífaburð ungs fólks. Í Kastljósviðtali hafði annar starfsmaður lögreglunnar bent á tölvuleikjanotkun sem hugsanlega orsök ofbeldis ungmenna.

Tæp öld er liðin frá fyrstu rannsóknunum á áhrifum kvikmynda á börn og unglinga. Miklar tæknibreytingar hafa orðið á þessum tíma en ítrekað hefur verið sýnt fram á í gegnum tíðina tengsl á milli notkunar ungmenna á ofbeldisfullu fjölmiðlaefni og hegðunar þeirra, meðal annars hér á landi. Talið er að fylgnin á milli árásarhneigðar og áhorfs á ofbeldi sé í heildina 0,3 en sérfræðingar hafa gagnrýnt hversu lítið sé gert í samfélaginu til að bregðast við skaðlegum áhrifum fjölmiðla.

Gerð var netrannsókn meðal íslenskra framhaldsskólanema og svöruðu hátt í 2000 þátttakendur spurningalista sem lagður var fyrir. Markmið könnunarinnar var m.a. að skoða tengsl árásarhneigðar, og beitingar ofbeldis, og notkunar á klámi og ofbeldisefni – en niðurstöður rannsóknarinnar eru í samræmi við meginþorra þeirra rannsókna sem framkvæmdar hafa verið erlendis. Í erindi höfundar verða þessar niðurstöður reifaðar og þær settar í samhengi við fyrri rannsóknir og þekkingu á þessu sviði.

## The Nordic Victim Lawyer Construct: Developments and Tensions (kl. 9:25-9:50 í M102)

### – Hildur Fjóla Antonsdóttir, Háskólinn á Akureyri og Solveig Laugerud, Osló háskóli

Of the Nordic countries, Denmark was the first to enact legislation, in 1980, whereby complainants in cases of sexual violence were afforded their own lawyer paid for by the state. The other countries followed suit, i.e., Norway in 1981, Sweden in 1988, Finland in 1997, and Iceland in 1999. Since then, the Nordic countries have enacted legislative changes, mostly expanding the role of the victim lawyer to lesser or greater extent. These developments are particularly pronounced in Norway, after the 2008 victim law reform, and Iceland, after the 2022 victim law reform. The aim of this paper is to explain how the role of the victim lawyer came about in the different Nordic jurisdictions and describe some of the similarities and differences between the current role and function of the victim lawyer in the different countries. Finally, using a Bourdieusian lens, some of the tensions that characterise aspects of the role of the victim lawyer, are identified and discussed.

## Valdaójafnvægi áhættuþáttur kynferðislegrar áreitni: Reynsla íslenskra íþróttakvenna (kl. 9:25-9:50 í M102)

### – Anna Soffía Víkingsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, Háskóli Íslands

Í ársbyrjun 2018 komu íslenskar íþróttakonur fram með reynslu sína af íþróttaumhverfinu. Frásagnir þeirra draga upp dökka mynd af íþróttaumhverfinu þar sem kynferðisleg áreitni- og ofbeldi hefur fengið að viðgangast og það normaliserað. Rannsóknir sýna að kynferðisleg áreitni og ofbeldi er viðvarandi vandamál innan íþrótta sem öðlast hefur ákveðið samþykki sem hluti af íþróttamenningunni. Valdaójafnvægi milli íþróttakvenna og annarra getur oft og tíðum verið mikið en vísbendingar eru um að slíkt valdaójafnvægi geti aukið hættuna á kynferðislegri áreitni. Þetta er sér í lagi áhættuþáttur þegar kemur að sambandinu milli íþróttakvenna og þjálfara þeirra.

Rannsókninni er ætlað að beina ljósi að kynferðislegri áreitni í íþróttum frá sjónarhorni íslenskra íþróttakvenna. Valdaójafnvægið á milli þjálfara og íþróttakvenna er í fyrirrúmi greinarinnar. Viðtöl voru tekin við 31 íþróttakonu á árunum 2019-2021 úr bæði einstaklings- og hópíþróttum. Viðtölin gefa innsýn inn í það valdaójafnvægi sem getur þróast á milli þjálfara og íþróttakvenna og hvernig ákveðinn hluti íþróttamenningarinnar getur reynst áhættuþáttur þegar kemur að kynferðislegri áreitni. Sú hlið íþróttamenningarinnar sem leggur ofuráherslu á sigur og ofur-samræmun (overconformity) ýtir undir það vald sem þjálfarinn hefur sem aftur getur haft áhrif á persónulegt líf íþróttakvennanna. Slíkt vald eykur enn frekar á hættuna á kynferðislegri áreitni. Samkvæmt viðtölum er þörf á því að breyta og bæta

menningu íþrótta. Einnig að breyta þessu mikla valdaójafnvægi sem getur orðið í íþróttakvenna-þjálfara sambandinu til þess að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni- og ofbeldi.

## Investigative police officers' strategies to facilitate communication among crime victims of domestic violence and the challenges and opportunities of applying these (kl. 10:05-10:30 í N101)

### – Josefina Jarl, Jenny-Ann Brodin Danell og Jonas Hansson, Umeå háskóli

Crime victims of domestic violence are an especially vulnerable group given the repeated and often escalating severity of the violence they are exposed to. In addition to that, they often face many barriers to disclosing the violence. A common impediment to disclosure is that the victim has an emotional attachment to the perpetrator. Other psychological barriers include fear, shame, normalization of violence and emotional exhaustion, while limited financial resources and unawareness of available support agencies might constitute practical impeding factors.

When crime victims of domestic violence encounter the police, they are put in a situation where they must decide if they are to tell about the violence. The way investigative police officers approach these victims is often crucial for reaching the investigative aim of obtaining detailed accounts. The concrete strategies police officers use to manage these barriers among crime victims of domestic violence are not well-researched.

The aim of this paper is to explore the strategies investigative police officers use to facilitate communication when encountering crime victims of domestic violence and the foundations for using them. This study is based on qualitative semi-structured interviews with 11 investigative police officers in Sweden. The interviews were analyzed by employing a content analysis approach.

Five preliminary themes emerged entailing the different strategies to manage barriers to disclosing violence: (1) trust in the police officer, (2) safety in the legal process, (3) empowering the victim, (4) managing emotional conflicts and (5) providing guidance to support.

## „Ég lendi í þessu vinnu minnar vegna“: Upplifun kennara af ofbeldi af hálfu nemenda í starfi (kl. 10:05-10:30 í M101)

### – Berglind Jóna Þorláksdóttir, Háskólinn á Akureyri

Ofbeldi nemenda gagnvart kennurum er viðkvæmt umfjöllunarefni af því að meintir gerendur eru ólögráða einstaklingar. Mikilvægt að mæta efninu af yfirvegun og sanngirni með fagmennsku að leiðarljósi.

Gerð var viðtalsrannsókn á upplifun kennara af ofbeldi nemenda gagnvart kennurum sem gaf kennurum tækifæri til að lýsa upplifun sinni af því innan skólakerfisins. Tekin voru sex viðtöl við kennara á unglingastigi í fjórum grunnskólum á Norðurlandi eystra.

Rannsóknarspurningar voru: Hver er upplifun kennara af ofbeldi í starfi, af hálfu nemenda? Er sameiginlegur skilningur kennara á hvað ofbeldi af hálfu nemenda er? Hver er upplifun kennara af samfélagsumræðu um ofbeldi gagnvart kennurum af hálfu nemenda?

Við greiningu gagna birtust fimm þemu. Skilningur kennara á ofbeldi nemenda er í mótun. Kennarar hafa verndandi afstaða til nemenda og þeir gera greinarmun á hvort ofbeldið beinist að þeim sem fullorðnu fólki sem er að sinna starfi sínu eða sem persónum. Öryggisvitund kennara birtist í að þeir telja sig eiga í góðum samskiptum við nemendur. Samfélagsumræðan skilar sér til kennara og sýn kennara á getu og skipulag skólakerfisins er að skilgreiningar og verkferlar séu til staðar en leysa þurfi úr erfiðum tilvikum með betri hætti.

Almennt er ofbeldi nemenda gagnvart kennurum á unglingastigi ekki útbreitt vandamál samkvæmt þessari rannsókn. Kennarar upplifa sig öruggaog lýsa umhyggju fyrir nemendum sínum. Rannsóknin sýnir tengsl samfélagsumræðu og skilnings kennara á skólastarfi.

## Humour in the face of Cruelty: Insights from (and for) Police Studies (kl. 10:05-10:30 í M102)

### – Giorgio Baruchello, Háskólinn á Akureyri

While working on the multi-volume project in the philosophy of humour entitled Humour and Cruelty, Profs Ársæll Már Arnarsson and Giorgio Baruchello came across a number of English-language articles and reports on "humour" proper among police officers and recruits in several different countries. Consistently, these works exhibited a functionalist approach rather than a structuralist one. In particular, they highlighted the ways in which jokes, and laughter have been used by officers and recruits in order to cope with affectively demanding encounters with major horrors (e.g., mutilated bodies, child abuse) as well as minor annoyances, anxieties and aggravations (e.g., uncertainty of employment, boredom). This presentation wishes to share interesting information and insights arising from the surveyed Anglophone literature, address the interplay between humour and cruelty that it reveals, and briefly explain its relevance in connection with the main extant theories of humour in the humanities and social sciences.

## Kynferðisleg áreitni innan lögreglunnar fyrir og eftir Metoo (kl. 10:05-10:30 í M201)

### – Finnborg S. Steinþórsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, Háskóli Íslands

Í Metoo hreyfingunni var sjónum meðal annars beint að kynferðislegri áreitni í vinnuumhverfinu og fjöldi kvenna greindi frá reynslu sinni þar að lútandi. Lögreglan telst vera hefðbundinn karlavinnustaður, þar sem karllæg vinnumenning og kynjuð valdatengsl eru talin ýta undir kynferðislega áreitni. Á undangengnum árum hafa þó verið gerðar ýmsar breytingar sem talið var að myndu hafa jákvæð áhrif vinnumenninguna og lögreglukonum hefur fjölgað. Í erindinu verða kynntar niðurstöður rannsóknar sem byggir á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir lögreglumenn árið 2013 og aftur árið 2022. Í könnuninni var spurt um atriði er lúta að vinnumenningu og kynjuðum valdatengslum, þ.á.m. kynferðislegri áreitni, og varpað er fram eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hafa orðið breytingar á tíðni og inntaki kynferðislegrar áreitni innan lögreglunnar í kjölfar Metoo?

Niðurstöðurnar sýna að kynferðisleg áreitni eykst á milli mælinga, og hefur stór hluti lögreglukvenna orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi sínu í lögreglunni. Karlkyns samstarfsmenn og karlkyns yfirmenn eru áfram stærsti hópur gerenda. Niðurstöðurnar benda til þess að hærri tíðni kynferðislegrar áreitni sé ekki einungis hægt að skýra með aukinni vitund í kjölfar Metoo hreyfingarinnar. Óbeinar mælingar á kynferðislegri áreitni á undangengnum sex mánuðum benda til þess að lögreglukonur verða reglulega fyrir kynferðislegum athugasemdum og athöfnum sem þær kæra sig ekki um. Niðurstöðurnar sýna að auki neikvæð viðhorf lögreglukarla til Metoo og að lítill hluti þeirra hafi breytt eigin hegðun fyrir tilstuðlan Metoo hreyfingarinnar. Niðurstöðurnar benda því til þess að lögreglan þurfi að ráðast í enn viðameiri breytingar og fyrirbyggjandi aðgerðir til að bregðast við kynferðislegri áreitni innan vinnustaðarins.

## Domestic abuse - under-detected and still difficult to handle for first line responders: New insights from EU research (kl. 10:30-10:55 í N101)

### – Joachim Kersten, Þýski lögregluháskólinn

In EU member states domestic violence remains under-reported by the victims and under-detected by the frontline agencies. IMPRODOVA and IMPROVE projects have developed tools to increase reporting of domestic violence and for strengthening victims' rights for services and justice. Police Authorities, Civil Society Organizations and other frontline responder organisations have been addressed to enhance their competencies and to utilize innovative solutions. As one part of the research IMPROVE will use AI/IT tools for victims' immediate advice and guidance towards the available service provisions. IMPROVE will also address frontline responders training needs by designing training materials covering sector specific and cross-sector contents supported by innovative teaching and learning methods. The overarching objective of IMPRODOVA research aimed at a decisive improvement of first-line responders' communication and cooperation in cases of high-impact domestic abuse.

## Ofbeldi gegn börnum á Íslandi: sögulegt yfirlit og staðan í dag (kl. 10:30-10:55 í M101)

### – Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, Háskóli Íslands

Reynsla ungra barna af átökum og ofbeldi innan fjölskyldu getur haft neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu þeirra og líðan til skemmri og lengri tíma litið. Markmiðið er að skoða og draga saman birtar rannsóknir á margvíslegri misnotkun á Íslandi sem börn verða fyrir á heimilum sínum. Byggt er á greiningu á útgefnum rannsóknum, bókum og skýrslum á Íslandi um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi, vanrækslu og átök innan fjölskyldunnar sem börn verða fyrir af hendi foreldra sinna, staðgöngumæðra eða einhvers annars á heimilinu. Sögulegar frásagnir gefa vísbendingu um að íslensk börn hafi í gegnum tíðina víðtæka reynslu af erfiðisvinnu og ofbeldi og að líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi barna sé enn ríkjandi í íslenskum fjölskyldum. Reynsla íslenskra unglinga, 14-15 ára, af átökum innan fjölskyldunnar eykur hættu á að þeir þjáist af þunglyndi, kvíða, reiði og lágu sjálfsmati. Eigindlegar og megindlegar rannsóknir á Íslandi sýna að algengi ofbeldis og vanrækslu á börnum og átaka innan fjölskyldu er svipað eða hærra en norrænar og alþjóðlegar rannsóknir sýna. Íslensk börn upplifa margvíslega misnotkun og vanrækslu af hálfu foreldra sinna og forráðamanna. Löggjöf, vitundarvakning, opinber umræða og

rannsóknir á ofbeldi gegn börnum í íslensku samfélagi hafa stuðlað að aukinni viðurkenningu á neikvæðum afleiðingum slíkrar hegðunar og styrkt við forvarnir og betri úrlausn mála í slíkum tilvikum. Mikilvægt er að þeir sem eru í framlínu þjónustu við fjölskyldur þar sem heimilisofbeldi á sér stað séu á varðbergi fyrir neikvæðum áhrifum þess á líf og heilsu barna til skemmri og lengri tíma.

## Cyber Violence, An Experiential Liturgical Investigation using Digital Forensics and Criminalistics Frameworks – A Clinical Case Study (kl. 10:30-10:55 í M102)

– Larry Leibrock, Ríkisháskóli Idaho og Fulbright sérfræðingur á sviði netöryggismála

**Contexts:** The case seeks to describe, share knowledge and investigative practices involving analytical systems and processes applied to liturgical investigation of violence directed toward a young woman. The investigation involved both law enforcement and a digital forensics subject matter expert.

**Situation:** A young woman acquired a laptop computer for intended personal use and to support her college activities. She acquired this before college studies commenced and made personal use of the computer while on a short holiday with a romantic companion. The computer subsequently experienced significant operational problems. She repeatedly contacted the laptop vendor’s support and they subsequently agreed to replace the unit – if she returned the device. The exchange occurred. Approximately three months elapsed.

She was contacted on a ‘secure’ messaging application. She received this message.

*I have found some private images of you and your partner having sex. You are very young and have a great body and a beautiful smile. It would be so embarrassing if your family and friends saw these. What would you do if I posted these on social media sites? What would your college friends think? If you pay me $10,000 in cryptocurrency, I promise, I will destroy these very sexual images and videos.*

She immediately responded that she did have that amount of money. He stated then she could then agree to meet him and provide sexual services in lieu of money.

The young lady promptly contacted law enforcement, a wiretap was authorized, law enforcement acted as her proxy and a subsequent face-to face meeting was conducted. The suspect was arrested at the meeting location. The suspect had no probative evidence of his person. A search warrant for his domicile was issued, an investigation showed that he had purchased many types of computers from an electronics surplus entity. All devices were ‘sanitized’ with a disk wiping program. No data was apparent on the storage media. The law enforcement and prosecutor then contacted a trusted subject matter expert, to assist in the investigative process.

The case discussion will focus on both system and process and the uses of criminalistics and digital forensics.

## Valdstjórnarbrot (kl. 10:30-10:55 í M201)

### – Páley Borgþórsdóttir, Lögreglan á Norðurlandi eystra

Í erindinu verður fjallað um valdstjórnarbrot sbr. 106. gr. almennra hegningarlaga, ofbeldi og hótanir gegn lögreglumönnum auk tálmana á störfum þeirra. Fjallað er um gildandi framkvæmd, viðurlög, refsingar og afdrif þessara mála. Verndarandlagið rætt og hvort eitthvað annað eigi að gilda um þessi brot en önnur ofbeldisbrot. Er eðlilegt að lögreglumenn þurfi að sætta sig við að verða reglulega fyrir ofbeldi í starfi og hvar liggja mörkin á því sem þeir eiga að láta yfir sig ganga.  Töluverð aukning hefur orðið síðustu árin hjá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í málaflokknum þar sem lögreglumenn verða oftar fyrir ofbeldi og hótunum á þessu ári en árin á undan. Sú þróun er mikið áhyggjuefni og er leitað skýringa á því. Í erindinu verða afdrif valdstjórnarbrota skoðuð, fjölda ákæra, niðurfellinga o.fl.. Velt er upp hvort eitthvað sé til ráða. Hvort þurfi að breyta lagaumhverfinu, heimila lögreglustjórasáttir, hækka refsiramma eða nýta aðrar leiðir. Velt er upp hvort eðlilegur mótþrói við handtöku eigi yfirleitt rétt á sér og hver sé refsinæmi slíkrar háttsemi. Þá er vitnað í dómaframkvæmd og fjöldi mála á landsvísu skoðaður.

## Trauma-informed approaches in police custody: a qualitative case study (kl. 11:10-11:35 í N101)

### – Karen Goodall og Zara Brodie, Edinborgarháskóli

**Background:** Increasing recognition of the links between trauma and crime has led to a motivation for police forces to adopt trauma-informed approaches. However, little is known about how police respond to trauma-informed training.  Here, we report a qualitative case study approach to exploring the impact of training on custody officers in Glasgow, UK, where all staff had completed evidence-based training. The aim was to determine how officers use trauma-informed information in practice.

**Methods:** A multi-perspective view was obtained by conducting focus groups with custody officers (n = 9) with keyworkers from a linked support service (n = 3) and interviews with senior police staff (n = 4) with responsibility for custody staff. Data were analysed using Thematic Analysis (Braun and Clarke, 2006).

**Results:** Four themes, with six sub-themes, were generated: 1) Enhanced understanding of trauma and its impacts (trauma is individual, trauma presentations are individual); 2) Relationships as the foundation of trauma-informed practice (rapport building; empowering speaking up); 3) Facilitating positive outcomes (custody as an intervention opportunity, perceptions of police as a barrier); 4) What about us?

Officers displayed a flexible understanding of trauma and its impacts and reported benefits in relation to interacting with public and colleagues in custody. Police custody was recognised as an opportunity for intervention. Intrinsic barriers to being trauma-informed included current police culture and a perceived under-recognition of officer trauma.

**Implications:** Trauma-informed training has the potential to positively impact relations in police custody, but contextual and cultural factors specific to the police must be considered.

## Börn send í sveit: húsráðendur, erfið reynsla og ofbeldi (kl. 11:10-11:35 í M101)

### – Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson, Háskóli Íslands

Frásagnir af illri meðferð á börnum og barnaþrælkun á Íslandi eru margar. Fræðimenn hafa deilt um hvort ættartengsl barna við húsráðendur hafi skipt mestu fyrir meðferð þeirra eða almennur heimilisandi og lundarfar húsráðenda. Þetta erindi lýsir frásögnum þeirra sem fóru í sveit á 20. öldinni af erfiðri reynslu, ofbeldi og illri meðferð. Leitast er við að svara spurningunni hvort tengsl húsráðenda við þau hafi skipt máli fyrir vellíðan þeirra. Erindið byggir á viðtölum við á sjötta tug einstaklinga sem fóru í sveit og spurningakönnun með lagskiptu slembiúrtaki úr Þjóðskrá, 18 ára og eldri (n=2000), framkvæmd í nóvember 2015 til janúar 2016. Sagt var frá afskiptaleysi, skömmum, stríðni, hrekkjum, nöldri, stimpingum milli barna, vinnuhörku og ströngum reglum um borðhald. Nokkrir voru beittir líkamlegu ofbeldi eða urðu vitni að ofbeldi. Mikilvægast hefði verið að dvelja hjá góðu fólki. Samkvæmt spurningakönnuninni voru neikvætt viðhorf húsráðenda, að vera vitni af gríni um borgarbörn eða að hlegið væri að þeim og reynsla af ofbeldi í sveitinni áhrifaþættir fyrir að hafa líkað illa sveitadvölin. 6% svarenda varð vitni að því að börn eða fullorðnir væru beittir ofbeldi og 5% var beittur ofbeldi. Þeir sem dvöldu hjá vandalausum voru ekki marktækt líklegri til að upplifa neikvætt viðhorf húsráðenda en þeir sem dvöldu hjá ættingjum og vinafólki fjölskyldunnar. Mat á sveitadvöl í æsku er almennt jákvætt; 92% fannst viðhorf húsráðenda jákvætt og 88% töldu dvölina hafa breytt lífinu á jákvæðan hátt. Margir urðu þó fyrir ofbeldi sem markaði djúp spor í reynslu þeirra.

## Elements of Cybersecurity Training for Law Enforcement: What works and what doesn’t (kl. 11:10-11:35 í M102)

### – Cheryl Purdy, Cumberlands háskóli, Louisville háskóli og Fulbright sérfræðingur á sviði netöryggismála

Through a United States Department of Homeland Security grant, the University of Louisville developed cybersecurity curriculum for law enforcement.  This program was delivered via a joint venture between the University’s Criminal Justice program and U of L’s Southern Police Institute.  The program was approved by the Kentucky Law Enforcement Council as an option in fulfilling the mandatory 40 hours of continuing education required for the state’s law enforcement officers.

The course was delivered in various formats, some of which were successful and some of which yielded dismal completion rates.

Through this session, Dr. Purdy will share with you what worked and what didn’t.

## Kvenlögreglan 1920 – 1960 (kl. 11:10-11:35 í M201)

### – Eyrún Eyþórsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Saga kvenna í lögreglu spannar víðast hvar ekki meira en rétt rúm 100 - 120 ár. Ákall eftir konum í lögregluna var afleiðing samfélagslegra breytingar eins og fólksflutninga úr sveitum í þéttbýli en einnig kvenréttindabaráttu. Fyrstu lögreglukonurnar, í alþjóðlegu samhengi, höfðu það hlutverk að hafa eftirlit með siðferði kvenna. Hlutverk lögreglukvenna var þannig fyrst og fremst að sjá til þess að konur höguðu sér eftir þeim viðmiðum sem karllægt samfélag hafði sett þeim. Við hersetu Breta á Íslandi árið 1940 var tekin ákvörðun um að ráða fyrstu konuna sem lögreglumann og hafa sagnfræðingar gert þeirri ráðningu góð skil. Þessi fyrirlestur byggir á rannsókn á sögu lögreglukvenna sem staðið hefur yfir frá árinu 2021. Að þessu sinni er ætlunin að skoða annars vegar aðdraganda þess að konur urðu ráðnar sem lögreglukonur en kvenhreyfingin spilaði þar stórt hlutvek og hins vegar með hvaða hætti kvenlögreglan starfaði á tímum fyrstu lögreglukvennanna við siðferðiseftirlit. Rannsóknin er enn yfirstandandi og því verða aðeins frumniðurstöður kynntar.

## What is the problem represented to be in the Swedish police authority? (kl. 11:35-12:00 í N101)

### – Joachim Kersten, Þýski lögregluháskólinn

The role of the police, especially in relation to escalating gang violence, deadly shootings, and vulnerable areas, have been highly debated in Swedish politics and media in recent years. This paper focuses on the other side of the debate; how the Swedish police authority view their mission and role in society. More specifically, how do they define problems, strategies, and goals? What values are attached to these? Empirically is this paper based on current policy documents from the Swedish police authority and the website. The analysis is qualitative and inspired by Carol Bacchis' WPR-approach. The results show three main problematization: crime and crime fighting, police organization, and relations between police and citizens. A key finding is that the police authority represents crimes and the role of the police in different ways depending on what type of crime discussed. Organized crimes, gang criminality and shootings are represented as societal problems, threatening the open and democratic society. The role of the police is portrayed as strategic and proactive but that societal problems cannot be solved by the police alone. Crimes against women, children, and internet related sexual crimes, are foremost represented as individual problems. The proactive role of the police is emphasized, but also collaboration with other agencies and civil society. The main strategies for the police authority are being an attractive, inclusive, and growing working place, having a strong local presence, and establishing trust in meetings with citizens. However, underlying problematizations indicate that these strategies are challenging and cannot be taken for granted.

## Forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu: Staða Íslands og norrænn samanburður (kl. 11:35-12:00 í M101)

### – Arnhildur Guðrún Eyþórsdóttir, Háskóli Íslands

Í kjölfar tækniframfara og greiðari samgönguleiða hefur breytt eðli afbrota leitt til þess að rannsóknir lögreglu hafa þurft að aðlagast nýjum veruleika. Rannsóknir lögreglu og þær

aðferðir og aðgerðir sem hún notar takmarka stjórnarskrárvarin mannréttindi og þurfa reglur um þær að uppfylla ákveðin skilyrði.

Í þessu erindi verður skoðað hvaða heimildir lögregla á Íslandi hefur til að sinna þessu hlutverki sínu og einnig verður farið yfir hvað felst í forvirkum rannsóknum lögreglu, í hvaða tilvikum þær geta nýst og hvaða skilyrði slík löggjöf þarf að uppfylla. Lögreglan á Íslandi býr ekki yfir slíkum heimildum en þess í stað verður fjallað um forvirkar rannsóknir í völdum nágrannaríkjum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og skoðað hvort leiðsögn um nálgun í hugsanlegri löggjöf hér sé að finna þar.

Forvirkar rannsóknir ganga hvað lengst í því að skerða friðhelgi einkalífs þar sem þær fara fram án vitundar þess sem til rannsóknar er og þess krafist að stjórnvöld  hafi rökstuddan grun um að einstaklingur hafi framið tiltekið brot. Reynslan og dómafordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu  sýnir að löggjöf sem heimilar slíkar rannsóknir þyrfti að búa yfir ákveðnum fyrirsjáanleika um hverjir geta þurft að sæta slíkum rannsóknum og hvers konar atvik geta heimilað rannsóknina. Mikilvægt er að stjórnvöld sinni eftirliti með slíkum rannsóknarheimildum og að einstaklingar geti borið fram kvartanir til óháðs og hlutlauss aðila.

Í því skyni væri skynsamlegt að hafa tilkynningarskyldu í lögum þegar rannsókn er lokið til þess sem hefur sætt rannsóknaraðgerðum svo hann hafi raunhæfan möguleika á að leita réttar síns telji hann á sér brotið

## Sex Offenders Public Register of the Republic of Poland: Problems That Require Solutions (kl. 11:35-12:00 í M102)

### – Georgii Sibirtsev, Gdańsk háskóli

During my presentation I would like to dwell upon the experience of one of the very few Publicly available crime registries in the European Union- The Polish Public Sex offenders registry, which is currently functioning on the base of the Act of 13 May of 2016 on counteracting sexual crime threats. Current registry could be checked from any device from any part of the globe (which make it similar to some USA public registries). How such restrictive regulations correlate with General Data Protection Regulation of the European Parlament and if this type of crime prevention could be considered as a sufficient? Could we consider this registry enacting as a human rights violation (for instance, right to be forgotten, principle „Ne bis in idem”)? These are the questions which I would be tremendously happy to discuss while my short speech.

**Methods:** Descriptive comparative research which attempts to describe current phenomenon systematically.

## Upplifun albanskra innflytjenda af afskiptum lögreglu (kl. 11:35-12:00 í M201)

### – Bryndís Jónsdóttir, Háskóli Íslands

Of mikil löggæsla (e. over-policing) ákveðinna hópa er þekkt viðfangsefni afbrotafræðinnar og snýr í meginatriðum um aukið eftirlit með hópum (Boehme, Cann og Isom, 2022). Í sambandi við slíkt eftirlit hafa fræðimenn fjallað um aðferðir lögreglu í þessu eftirliti, sérstaklega stöðvun ökutækja og einstaklinga (e. stop and search) og kynþáttamiðaða

löggæslu (e. racial policing) Í tengslum við slíkar aðferðir er vísað til þess að of mikil löggæsla gagnvart hópum, sem kunna að hafa viðkvæma stöðu í samfélaginu, geti haft neikvæð áhrif á traust til lögreglu (Schclarek Mulinari og Keskinen, 2022). Í þessu erindi verður fjallað um meistaraverkefni mitt í afbrotafræði við Háskóla Íslands þar sem afskipti lögreglu af albönskum innflytjendum var skoðað. Tekin voru sex hálfstöðluð viðtöl við innflytjendur frá Albaníu. Albanir hafa verið nafntogaðir í fjölmiðlum og samkvæmt orðræðunni taldir tilheyra mafíu sem stendur fyrir skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi. Verkefnið gekk út á að skoða upplifun viðmælenda af afskiptum lögreglu. Niðurstöður bentu til þess að viðmælendur höfðu orðið fyrir öráreiti (e. micro aggession) þegar kom að samskiptum lögreglu. Þeim hafði verið mismunað og ítrekað stoppaðir í umferðinni án sýnilegra ástæðna Útskýringar lögreglu voru þær að þetta félli undir venjubundið eftirlit eða routin check. Viðmælendur lýstu því hvernig traust þeirra hafði dvínað á lögreglu. Einnig kom fram að áreiti af hendi lögreglu olli andlegri vanlíðan en það er ekki óþekkt fyrirbæri en rannsóknir hafa sýnt að vinnubrögð lögreglu hafa mikil áhrif á traust til hennar (Kaariainen og Niemi, 2014).

## Policing violence against the environment – the case of salmon farming (kl. 12:00-12:25 í N101)

### – Paul Larsson, Norski lögregluháskólinn

Salmon farming have grown into a global industry. Norwegian companies are among the largest in the world. In recent years growing criticism has been raised. Salmon farming have negative effects on the wild salmon population, the environment, on local fisheries and on the welfare of the fish in the production cages, to mention some. The presentation is based on Norwegian experiences in trying to regulate this business. Policing salmon farming and aquaculture is a complex endeavor. The rules and regulations cover a wide variety of different fields. The daily supervision and control are performed by the industry itself. Many different authorities are doing the first line policing, such as The Norwegian Environment agency, The Norwegian Food Safety Authority, and the County Governor. As in most other forms of environmental and economic crimes the police only deal with selected cases, “the top of the iceberg”. The presentation is a part of an ongoing project on the regulation of environmental crimes. The study is based on court cases and analysis of a wide variety of sources and documents.

The research asks what can be done to regulate the environmental harms in a better way. Findings points to the fact that much of the most harmful activity is not illegal. The laws are not primarily made to protect the environment, but the business. The business often seems to be “above the law”.

## Ofbeldisákvæði hegningarlaga og dómaframkvæmd – Skil milli ákvæða og kröfur verknaðarlýsinga (kl. 12:00-12:25 í M101)

### – Hrannar Már Hafberg, Háskólinn á Akureyri

Um manndráp og líkamsmeiðingar er fjallað um í XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940. Í dómaframkvæmd hefur mótast nokkuð skýr lína um skilin milli helstu orbeldisbrota, sem lögð er til grundvallar í íslenskum refsirétti, en þó eru nokkur atriði, sem vert er að huga að, þegar löggjöfin og dómaframkvæmdin er skoðuð. Bæði hefur mótast sú venja í dómaframkvæmd,

að verndarhagsmunir geta haft áhrif á það, hvort brot verði fellt undir eitt ákvæði frekar en annað – og þá jafnvel brot af allt öðru tagi, svo sem ofbeldi í stað ærumeiðinga, - og þá hefur dómaframkvæmd, sem lítur til verknaðaraðferðar eins og henni er lýst í refsiákvæði fremur en afleiðinga árásar, leitt til ákveðinnar túlkunar á ákvæðum laganna, sem fræðimenn hafa talið vafasama og talið, að lagabreytingu þyrfti til svo dómaframkvæmdin teldist í fullu samræmi við lögin.

## Students‘ Misconceptions in an Introductory Police Psychology Course (kl. 12:00-12:25 í M102)

– Ólafur Örn Bragason, Ríkislögreglustjóri, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands

While public and expert perceptions of psychology often differ, research suggests that misconceptions among police officers are particularly common (Aamodt, 2008). This study aims to investigate the prevalence and persistence of misconceptions among students in an introductory course on Police Psychology at the University of Akureyri, many of whom are in their first year of police science and third year of psychology. Specifically, we examined students' misconceptions at the beginning and end of the course, and identified the most persistent ones. We administered a questionnaire based on Shaw and Woodworth's (2013) work, consisting of 22 true/false statements on forensic psychology issues, which was translated into Icelandic by the author. Preliminary results show that, on average, students held 15 misconceptions at the beginning of the study. We plan to conduct further analyses to compare responses between police science and psychology students, as well as explore differences in misconceptions based on gender and age. We will discuss the practical implications of our findings for teaching methods and future research.

## Vitundarvakning og ofbeldi á tímum COVID-19, aðgerðir lögreglu og neyðarlínu (kl. 12:00-12:25 í M101)

– Eygló Harðardóttir, Ríkislögreglustjóri

Frá því vorið 2020 fram til aprílloka árið 2022 gripu íslensk stjórnvöld til margskonar samkomutakmarkana til að sporna við útbreiðslu COVID-19. Samhliða samkomutakmörkunum og ekki síst samhliða aukinni fjarvinnu vöknuðu áhyggjur af auknu ofbeldi milli skyldra og tengdra eða minni möguleikum þolenda til að leita sér aðstoðar. Í ljósi þessa var gripið til margvíslegra aðgerða til að koma í veg fyrir ofbeldi og takast á við afleiðingar þess. Í upphafi faraldursins var vakin athygli á hættunni á auknu ofbeldi, fólk hvatt til að tilkynna og upplýst hvar væri hægt að leita aðstoðar. Leitast var við að efla þjónustu við þá sem taldir voru í mestri áhættu s.s. með því að auka aðgang að aðstoð. Sett var á fót sérstakt aðgerðateymi af hálfu stjórnvalda sem fékk það hlutverk að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi.

Þegar horft er til ofbeldis fyrir, með og eftir COVID-19 þá er ljóst að þróunin hefur verið ólík eftir því um hvers konar ofbeldi er að ræða. Þannig fjölgaði tilkynningum um heimilisofbeldi í kringum samkomutakmarkanir vegna COVID-19 en á sama tíma dró úr kynferðisofbeldi.

Í þessu erindi verður fjallað um þær aðgerðir sem íslensk stjórnvöld gripu til svo sporna mætti við áhrifum COVID-19 faraldursins á ofbeldi og til að minnka líkur á því að þróun færi í fyrra horf eftir að samkomutakmörkunum lauk. Í tengdu erindi 5. október kl. 11:00 í stofu

M101 verður fjallað um þróun ofbeldisbrota á meðan samkomutakmarkanir voru til staðar vegna faraldursins og hvaða ályktanir draga megi af þeim upplýsingum.

## Lokaorð (kl. 12:30-12:35 í N101)

– Guðmundur Oddsson, Háskólinn á Akureyri